



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 2. apríl 2024.

Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940 (hækkun kynferðislegs lágmarksaldurs), þskj. 131, 131. mál.

Mannréttindaskrifstofu Íslands (MRSÍ) hefur borist framangreint frumvarp til umsagnar. Í meginráttum styður skrifstofan frumvarpið og tekur undir það sem segir í greinargerð með frumvarpinu að þær glufur sem núgildandi löggjöf býður upp á fyrir gerendur hafa leitt til þess að börnum hefur ekki verið veitt viðhlítandi vörn gegn fullorðnum mönnum sem nota sér æsku þeirra, reynsluleysi, aðstöðu- og oft og tíðum þroskamun.

Í greinargerðinni er einnig réttilega bent á að samkvæmt í barnalögum og Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem lögfestur hefur verið hér á landi, eru börn skilgreind sem einstaklingar undir 18 ára aldri og því skýtur skökku við að einstaklingum á aldrinum 15-17 ára er ekki veitt sú vernd sem löggjafanum ber að gera. Með núgildandi Rómeó og Júlíu ákvæði, sem ekki er lagt til að verði breytt, er svo tryggt að einstaklingar undir 18 ára aldri sem eiga í samþykktu kynferðissambandi á jafnræðisgrundvelli verði ekki sóttir til saka.

Virðingarfyllst,
f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir
framkvæmdastjóri